

49. fundur

Hafnarstjórn hélt fund mánudaginn 10. júlí 2006, kl. 17.00 í Ráhúsinu. Mætt voru Símon Sturluson, Kristinn Ó. Jónsson, Björgvin Guðmundsson, Hilmar Hallvarðsson, Hrannar Pétursson, hafnarvörður og Erla Friðriksdóttir, hafnarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

1. Kjöri ritara frestað.
2. Símon kynnti erindisbréf hafnarstjórnar.
3. Erindi Sæferða vegna akstursbrúar Baldurs.
Samþykkt að fá sérfræðing frá Landvélum eins fljótt og auðið er til að yfirfara vökvakerfi á akstursbrúnni og koma með tillögur að úrbótum.
Áréttað verði við Sæferðir að skipið liggi alls ekki undir brúnni á meðan skipið stoppar í höfn, að því undanskildu þegar bifreiðar eru ferjaðar um borð, á meðan verið er að vinna að lausn á málinu.
4. Farþegagjald.
Samþykkt að áætla farþegatölur vegna ársins 2005 þar sem þær hafa ekki borist þrátt fyrir ítrekuð tilmæli. Einnig skal ítrekað að farþegatölur skulu berast hafnarverði fyrir 10. hvers mánaðar vegna mánaðarins á undan.
5. Rætt um hugsanleg kaup á flotbryggju af siglingaklúbbsi Snæfells.
6. Samþykkt að breyta 12. gr. gjaldskrár Stykkishólshafnar þ.a. ferjur greiði eftir umfangi sorps skv. taxa þess aðila sem Stykkishólmsbær hefur samning við um sorphirðu á hverjum tíma.
7. Bréf frá Sæferðum dags. 4. júní 2006, vegna úrbóta sem þörf er á að framkvæma á hafnarmannvirkjum vegna nýrrar, ferju lagt fram.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18.55.

Hilmar Hallvarðsson (sign.),
Björgvin Guðmundsson (sign.),
Kristinn Ó. Jónsson (sign.),
Hrannar Pétursson (sign.),
Símon Sturluson (sign.),
Erla Friðriksdóttir (sign.).

Íhs.